



Gjaldskrá leikskóla Borgarbyggðar

Gildir frá 1. janúar 2026

1. Dvalartíminn frá 8:00 – 14:00 er gjaldfrjáls í leikskólum Borgarbyggðar.
2. Gjald er rukkað fyrir leikskóladvöl frá 14:00 til 16:00. Gjaldið er 17.040 kr. á mánuði fyrir hverja klukkustund, 8.520 kr. á mánuði fyrir 30 mínútur og 4.260 kr. á mánuði fyrir 15 mínútur.
3. Gjald fyrir hluta úr klukkustund skal ávallt miðast við hverjar 15 mínútur úr klukkustund.
4. Náðarkorter er tími sem foreldrar geta keypt frá kl. 7:45 til 8:00 og 16:00 til 16:15. Gjald fyrir hvert náðarkorter er 4.260 kr. á mánuði.
5. Veittir eru afslættir af dvalargjöldum til nema, einstæðra foreldra og starfsmanna leikskóla í Borgarbyggð. Einnig eru veittir systkinaafslættir. Afslættir ná ekki til fæðisgjalda. Nánari upplýsingar um afslætti er að finna í lið 3.4. í verklagsreglum fyrir leikskóla Borgarbyggðar.
6. Fæðisgjald fyrir morgunmat, ávaxtastund og hádegismat er 10.752 kr. á mánuði. Ef börn eru í leikskólanum eftir kl. 14:30 þarf auk þess að greiða 3.584 kr. á mánuði fyrir síðdegishressingu.
7. Skráningardagar eru þeir dagar sem grunnskólar Borgarbyggðar eru í vetrar-, jóla- og páskafríi ár hvert. Á skráningardögum þurfa foreldrar að skrá börnin sín í leikskólann. Gjald fyrir hvern skráningardag er 2.650 kr. Nánari upplýsingar um skráningardaga má finna í lið 4.12 í verklagsreglum fyrir leikskóla Borgarbyggðar (tekur gildi 1.8.2026).

Gjaldskrá leikskóla á mánuði er eftirfarandi:

Mánaðargjald - kr./klst.	Gjald/m. fæði	Dvalargjald
Gjaldfrjálsi tími frá 8:00 til 14:00	10.752 kr.	0
8:00-14:30	19.272 kr.	8.520 kr.
8:00-15:00	31.376 kr.	17.040 kr.
8:00-15:30	39.896 kr.	25.560 kr.
8:00-16:00	48.416 kr.	34.080 kr.

Mánaðargjald vegna fæðis	Gjald	Á dag
Morgunmatur, ávaxtastund, hádegismatur	10.752 kr.	538 kr.
Síðdegishressing	3.584 kr.	160 kr.

Mánaðargjald fyrir náðarkorter	Gjald
7:45-8:00	4.260 kr.
16:00-16:15	4.260 kr.

Annað	Gjald
Gjald vegna skráningardaga	2.650 kr. pr. dag